



SKÁK.IS

SKÁKVIÐBURÐIR Á SKÁK.IS LEIÐBEININGAR

×

Jun 3, 2018 1:00pm to 2:00pm Jun 3, 2018 TIME ZONE

All day

EVENT DETAILS FIND A TIME **GUESTS**

30 minutes

ADD NOTIFICATION

GUESTS

Guests can:

Modify event

Invite others

See guest list

Notast er við Google Calendar til að skrá inn viðburði á skak.is. Viðmótið er nokkuð þægilegt í notkun, en þó þarf að huga að nokkrum atriðum.

Kennimerki félags bætist sjálfkrafa við færsluna á skak.is – Það er því óþarfi að setja slíkar myndir inn í viðburðinn.

1. **„Add title“** Þessi liður hlýtur að vera nokkuð auðskiljanlegur. Ágætt að nota lýsandi heiti og vísa jafnvel í félag, t.d. „Atskákmót hjá TR“ eða eitthvað slíkt. Það er þó ekki nauðsynlegt og hver og einn ræður hvernig þetta er útfært.
2. **Dagsetning og tími.** Velja upphafsdagsetningu og tíma og lokadagsetningu og tíma. Lokatíminn þarf ekki að vera nákvæmur, en nauðsynlegt að skrá hann inn svo kerfið viti upphaf og enda viðburðar.
3. **„Does not repeat“** Þessi liður einfaldar mjög að skrá inn endurtekna viðburði s.s. fastar æfingar og mótaraðir. Bent er á möguleikann **„Custom recurrence“** en þar er boðið

Custom recurrence

Repeat every week

Repeat on S M T W T F S

Ends

Never

On

After occurrences



SKÁK.IS

upp á ýmsa möguleika til að endurtaka viðburði. Það getur verið gagnlegt fyrir ýmiskonar mót, s.s. kappskákmót þar sem teflt er tvisvar í viku í x langan tíma.

4. „**Add location**“ Þarna er afar gott að setja inn heimilisfang viðburðar. Kerfið er tengt Google og sækir nákvæmar staðsetningar.
5. Á myndinni hér fyrir ofan er liður sem heitir „Skáksamband Íslands“ og er litaður gulur. Þarna sést í hvaða dagatal skráningin er að fara. Gæta að því að þar standi „Skak.is – nafnfélags“ Ef þar stendur eitthvað annað, þá fer færslan ekki inn í kerfið og birtist ekki á skak.is.
6. „**Add description**“

Þessi liður er eftir atvikum nokkuð mikilvægur. Þarna eru allar upplýsingar um mótið settar inn. Æskilegt er að hafa einhverja **lýsingu** á viðburðinum. Jafnframt er mjög gott að setja þar inn upplýsingar um **tengilið** sem hægt er að hafa samband við, **skráningarform** ef um slíkt er að ræða og vefsíðu félags eða tengil á frétt um mótið þar sem nánari upplýsingar koma fram.

Tillaga að útfærslu:

Lýsing: *Icelandic Open – Íslandsmótið í skák – fer fram í Valsheimilinu 1.-9. júní nk. Mótið fer fram með óvenjulegu fyrirkomulagi en teflt verður í einum opnum flokki en ekki með hinu hefðbundna fyrirkomulagi lokaðs landsliðs- og opins áskorendaflokks. Mótið er jafnframt Íslandsmót kvenna og unglíngameistaramót Íslands. Erlendum skákmönnum er heimil þátttaka en þeir geta eðli málsins samkvæmt ekki orðið Íslandsmeistarar.*

Skráningarform: <https://chess-results.com/anmeldung.aspx?lan=1&ggid=340819>

Vefsíða: <http://icelandicopenchess.com/>

Netfang: icelandicopen2018@gmail.com

Nánari upplýsingar og aðstoð er glaðlega veitt á netfanginu skakdagatal@gmail.com